


FRÉTTABRÉF DESEMBER 2008

Félag dönskukennara



Ágætu félagsmenn.

Að þessu sinni berst ykkur jólakveðja frá stjórn félagsins ykkar, þegar að mörg, ef ekki flest ykkar eru á bólakafi í prófagerð, yfirferð eða undirbúningi jólaprófa. Jólahaðborð félagsins var haldið s.l. laugardag og verður að segjast eins og er að aðsóknin hefði mátt vera betri. Vonum við að svo verði, líkt og vonir standa til að ástandið í þjóðfélaginu verði betra á komandi ári. Allavega ætlar stjórn félagsins að gera sitt til að hressa upp á félagsandann og blásum við til samkomu strax í ársbyrjun; dagana 16. og 17. janúar 2009. Þá verður nefnilega haldið náms skeið frá föstudegi til hádegis á laugardegi á ráðstefnu setrinu Glymi í Borgarfirði. Dagskráin verður sem hér segir:

Föstudagur 16.janúar 2009

Mæting og innskráning

- 15.00 Lilja Ósk Úlfarsdóttir sálfræðingur fjallar um vinnusálfræði
- 16.00 Kaffihlé
- 16.30 Lilja Ósk Úlfarsdóttir sálfræðingur, hópefli
- 17.30 Michael Dal fjallar um tölvur og tungumál
- 18.30 Kynning á nýrri heimasíðu félagsins
- 18.45 Hlé á dagskrá
- 20.00 Kvöldverður

Laugardagur 17.janúar 2009

- 8.00-9.00 Morgunmatur
- 9.00-10.00 Saurbæjarkirkja með fyrirlestri þurfum að bóka á Glym
- 10.30-12.00 Michael Dal seinni hluti, workshop
- 12.00 Brottför

Verð fyrir "allan pakkann", þ.e. sjálft náms skeiðið, gistingu og allan viðurgjörning er kr. 5000,- Gert er ráð fyrir 25 þátttakendum og eru þeir sem hafa hug á þátttöku beðnir um að skrá sig hjá Endurmenntun Háskólans.

Nordspråk.

Nú, og það eru fleiri námsskeið í boði fyrir félagsmenn. Á vegum Nordsprák stendur nú yfir undirbúningur á sumarnámsskeiði næsta árs. Eins og áður hefur verið sagt frá þá mun það fara fram 3.-9. ágúst í Brønnoysund í Norður Noregi og er heiti námsskeiðsins “Det fantastiske element i nordisk litteratur”. Það eru bókmenntir H.C.Andersen, Ludvig Holberg, Jonas Lie og Astrid Lindgren sem og sagnahefð, sögur og ævintýri, sem eru fyrirmyndir sem mörg skáld nútímans á Norðurlöndum hafa sótt í. Hugmyndin er, að komast að raun um hvort “dulúð” í norrænum bókmenntum beri að skoða sem sér-norrænt afbrigði heimsbókmenntanna!! Þessu geta norrænu rithöfundarnir sem verða á námsskeiðinu í Brønnoysund uppi við Heimsskautsbaug næsta sumar vonandi svarað. Og svo mikið er víst að ekki mun hin stórbrotna náttúra Noregs skerða innblástur andagiftar!

Program: Det fantastiske i den nordiske fortælling**Mandag 3. august**

1600-1900: Ankomst og middag

1900-2000: Ivar Roger Hansen: Fantastiske fortællinger fra Helgeland

Tirsdag 4. august

0900-1100: Gerd Karin Omdal: Det fantastiske i den nordiske fortælling

1100-1200: lunsj

1200-1400: Josefine Ottesen

1430-1630: Solrun Michelsen

Onsdag 5. august

Udflugt til Petter Dass-museet på Alstadhaug. Middag ved museet.

Torsdag 6. august

0900-1100: [John Ajvide Lindqvist]

1100-1200: Frokost

1200-1600: Udflugt til Torghatten

1900: Festmiddag

Fredag 7. august

0900-1100: Kirsten Kalleberg: Den fantastiske fortælling i klasserummet

1100: Frokost og hjemrejse

Verð fyrir námsskeiðið er Nkr.4300,- Eins og endranær er gert ráð fyrir að þátttakendur komi sér sjálfir á staðinn; allur annar kostnaður er innifalinn í námsskeiðsgjaldi. **Er hægt að bóka sig á þetta námskeið???**

Dagskrá FDK á vorönn.

Auk málfingsins í janúar verður haldinn **aðalfundur** í lok febrúar og verður hann auglýstur nánar síðar.

Tveir kaffihúsafundir eru fyrirhugaður, annar þar sem Brynhildur Ragnarsdóttir og Kirsten Friðriksdóttir kynna nýtt námsefni fyrir framhaldsskóla. Á hinum fundinum mun **Halldóra Jónsdóttir** kynna **ÍSLEX, HVÆÐ ER ÍSFLEX?**

Að þessu sögðu óskar stjórn Félags dönskukennara öllum dönskukennurum, nær og fjær, árs og friðar.

Myndir frá jólahlaðborði FDK

FRÉTTABRÉF desember 2008

Ábyrgðarmaður: Auður Leifsdóttir
Stígahlíó 35, Reykjavík
Pósthólf 8112, 128 Reykjavík
Netfang: fdk@fdk.is

The logo consists of a black square with a white, horizontally-oriented oval shape inside. The text "www.fdk.is" is written in a bold, black, sans-serif font across the center of the white oval.

www.fdk.is